

STJÓRNARFUNDUR Í BLÖNDUSTÖÐ MIÐVIKUDAGINN 14. JANÚAR KL 13:30.

Miðvikudaginn 14. janúar 2009 kom stjórn SSNV saman til fundar í Blöndustöð. Mætt voru: Gunnar Bragi Sveinsson, Elín R. Líndal, Héðinn Sigurðsson, Björn Magnússon, Páll Dagbjartsson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri og Hermann Einarsson fulltrúi Fjallabyggðar sátu fundinn um lið 1.

Formaður, Gunnar Bragi Sveinsson setti fund og stjórnaði.

1. SSNV málefni fatlaðra

- a. **Fundargerðir þjónustuhóps frá 21. nóvember og 12. desember.** GSG kynnti og fór yfir einstaka liði fundargerðana.
- b. **Rekstaryfirlit 2008.** GSG kynnti óendurskoðað rekstaryfirlit einstakra þjónustuvæða vegna ársins 2008 ásamt óendurskoðuðu rekstaryfirliti SSNV málefna fatlaðra (Byggðasamlagsins).
- c. **Fjárlög 2009.** GSG lagði fram samantekt um niðurstöðu fjárlaga 2009 vegna þjónustusamnings um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra.
- d. **Önnur mál.**
 1. **Starfsmannamál:** GSG ræddi starfsmannamál á Blönduósi en ekki hefur verið starfandi ráðgjafi þar frá því um áramót þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar en ráðinn hefur verið forstöðumaður á Sambýlið á Blönduósi. Stjórn ítrekar þörf fyrir að gengið verði frá ráðningu ráðgjafa á Blönduósi sem allra fyrst.

2. SSNV atvinnuþróun

- a. **Rekstaryfirlit 2008.** Framkvæmdastjóri lagði fram óendurskoðað rekstaryfirlit SSNV atvinnuþróunar fyrir árið 2008.
- b. **Verkefnayfirlit atvinnuráðgjafa desember 2008.** Framkvæmdastjóri lagði fram verkefnayfirlit atvinnuráðgjafa fyrir desember 2008 og skýrði einstaka liði.
- c. **Starfsmannamál.** Framkvæmdastjóri skýrði frá breytingum sem urðu á starfsmannamálum SSNV atvinnuþróunar en þá lét Haukur Suska Garðarsson atvinnuráðgjafi í Austur Húnavatnssýslu af störfum. Stjórn þakkar Hauki vel unnin störf á liðnum árum og felur framkvæmdastjóra að auglýsa starf atvinnuráðgjafa í Austur Húnavatnssýslu laust til umsóknar.
- d. **Önnur mál.**
 1. **Heimasíða:** Rætt um heimasíðu SSNV, hlutverk og efnistöð.

3. SSNV

- a. **Rekstaryfirlit 2008** Framkvæmdastjóri lagði fram óendurskoðað rekstaryfirlit SSNV atvinnuþróunar fyrir árið 2008.
- b. **Yfirlit um framlög af fjárlögum til Norðurlands vestra.** Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit yfir framlög á fjárlögum til verkefna á Norðurlandi vestra.

4. Málefni Heilbrigðisstofnana á Norðurlandi vestra. Rætt um málefni

heilbrigðisstofnana á Norðurlandi vestra í ljósi þeirra breytinga sem heilbrigðisráðherra hefur kynnt. Formaður og PD sögðu frá fundi með heilbrigðisráðherra með sveitarstjórnarmönnum í Skagafiði þann 13. janúar þar sem ráðherra kynnti tillögur sínar. Umræður urðu um stöðu heilbrigðisstofnana á Norðurlandi vestra í ljósi boðaðra breytinga og eftirfarandi bókun samþykkt.

Stjórn SSNV mótmælir því samráðsleysi sem heilbrigðisráðherra hefur viðhaft varðandi þær miklu breytingar sem tilkynntar hafa verið skipulagi heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni með stórfelldri sameiningu stofnana. Aðgengi að grunnheilbrigðisþjónustu er hornsteinn hvers samfélags og afar mikilvæg í byggðalegu tilliti. Óásættanlegt er að íbúar þurfi að leita um langan veg eftir grunnheilbrigðisþjónustu og því er grundvallaratriði slík þjónusta sé veitt í nærsamfélaginu. Stjórn SSNV krefst þess af ráðherra að hann tryggi að þjónusta heilbrigðisstofnana á Norðurlandi vestra skerdist ekki á neinn hátt og störfum við heilbrigðisstofnanir á Norðurlandi vestra fækki ekki.

5. **Ný vegalög – bréf framkvæmdastjóra Sambands Íslenskra sveitarfélaga.** Í bréfinu er vakin athygli á að með nýrri vegaskrá færast rúmlega 200 km af götum í þéttbýli, sem áður töldust þjóðvegir í þéttbýli, flytjist yfir til sveitarfélagana. Ekkert liggur fyrir um hvort tekjustofnar flytjist til sveitarfélaga til að mæta þessum nýja kostnaði. Önnur mikilvæg breyting er að rúmlega 1000 km af tengivegum færast í flokk *héraðsvega*, sem áður hétu safnvegir. Afgreiðslu frestað og framkvæmdastjóra falið að afla ganga um málið fyrir næsta fund.
6. **Beiðni um útgáfustyrk.** Lögð fram beiðni Önnur Hinriksdóttur um styrk vegna útgáfu ritverksins *Ástin á tímum ömmu og afa – Bréf og dagbækur aldamótamanns*. Stjórn SSNV sér sér ekki fært að verða við beiðninni en vill benda bréfitara á styrkveitingar Menningarráðs Norðurlands vestra.
7. **Bréf Iðnaðarráðuneytisins dags 5. janúar 2009.** Lagt fram bréf iðnaðarráðuneytisins varðandi Vaxtarsamning, þar sem minnt er á þau ákvæði í 5. greinar samningsins til þess að framlag ráðuneytisins fái greitt. Framkvæmdastjóra falið að koma ábendingunni skriflega til stjórnar Vaxtarsamnings.
8. **Efni lagt fram til kynningar**
 - a. **Bréf 1. þingmanns NV kjördæmis dags 19. desember 2008.** Lagt fram til kynningar.
 - b. **Bréf Iðnaðarráðherra dags 19. desember 2008.** Lagt fram til kynningar svar iðnaðarráðherra vegna ályktunar stjórnar SSNV um málefni Byggðastofnunar frá 8. desember 2008.
 - c. **Bréf Leiðar ehf 19. desember 2008.** Lagt fram til kynningar
 - d. **Ályktun stjórnar SASS frá 12. desember 2008.** Lagt fram til kynningar.
 - e. **Fundargerð stjórnar SASS frá 12. desember 2008.** Lagt fram til kynningar.
 - f. **Fundargerð 759. Fundar stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga.** Lagt fram til kynningar. Stjórn SSNV tekur undir 26. lið fundargerðarinnar þar sem því er beint til Óbyggðanefndar að fresta því að hefja vinnu við ný

svæði nú þegar landsmenn glíma við mikinn efnahagsvanda. Með frestun mætti spara mikinn kostnað fyrir sveitarfélög og aðra landeigendur er varðar upplýsingaöflun og málarekstur í framhaldinu. Framkvæmdastjóra falið að koma skoðun stjórnar SSNV á framfæri við Fjármálaráðherra.

9. Frumvörp til umsagnar

a. **Tillaga til þingályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013. 192. mál.** Tekið er undir umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

b. **Frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna 187. mál.** Tekið er undir umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og lögum um gatnagerðargjöld með síðari breytingum. 185. mál, Gerir ekki athugasemd.

c. **Frumvarp til laga um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara ofl 124. mál.** Veitir ekki umsögn

10. Þakkir til stöðvarstjóra og starfsfólks Blöndustöðvar. Stjórn SSNV vill þakka höfðinglegar móttökur á fundi í Blöndustöð þann 14. Janúar 2008.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 16:30
Jón Óskar Pétursson fundarritari.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.